

# Ofanflóðanefnd

## Skýrsla um starfsemi nefndarinnar

## 2002-2008

Útgefandi: Umhverfisráðuneytið 2010
Samantekt: Þóra Ásgeirsdóttir Kná
Hönnun og umbrot: H&H Rakel Guðnadóttir
Prentun: Prentmet

# Ofanflóðanefnd

Skýrsla um starfsemi nefndarinnar

2002-2008

# Inngangur

Ofanflóðanefnd var stofnuð í kjölfar endurskipulagningar á opinberri stjórnsýslu ofanflóðavarna eftir hin hörmulegu snjóflóð í Súðavík og á Flateyri 1995. Þá var ákveðið að ríkissjóður mundi veita sveitarfélögum sem byggju við snjóflóðahættu á íbúðasvæðum fjárhagslegan stuðning til að tryggja öryggi byggðarinnar gagnvart ofanflóðum og var Ofanflóðanefnd falið að hafa yfirumsjón með framkvæmd verksins. Það var í upphafi ljóst að verkefnið var risavaxið og mundi taka langan tíma að ljúka. Nauðsynlegt var að endurmeta hættu á öllum svæðunum áður en hægt væri að hefja skipulega framkvæmdir við varanlegar varnir á einstökum svæðum. Einnig var strax í upphafi komið upp á vegum Veðurstofu Íslands skipulegri vöktun á snjóflóðahættusvæðum við byggð til að bregðast við hættuástandi á meðan ekki hefðu verið byggðar varanlegar varnir. Hefur sú starfsemi gengið vel og hafa ekki orðið nein mannskæð slys af völdum snjóflóða í byggð á þessu tímabili.

Þessi skýrsla Ofanflóðanefndar er þriðja skýrslan sem kemur út um starfsemi nefndarinnar frá því hún hóf störf 1. janúar 1996 og er henni ætlað að gefa yfirlit yfir störf nefndarinnar og verkefni Ofanflóðasjóðs fyrir árin 2002 til 2008. Einnig eru birtir reikningar Ofanflóðasjóðs fyrir sama tímabil sem endurskoðaðir hafa verið af Ríkisendurskoðun. Fyrsta skýrslan fjallaði um starfsemi nefndarinnar árin 1996 til 2000 og önnur skýrslan um starfsemina árið 2001.

Eitt af fyrstu verkefnum Ofanflóðanefndar var að reyna að meta umfang verkefnisins að koma upp varanlegum vörnum gegn snjóflóðahættu og var Veðurstofu Íslands falið að vinna grófa úttekt á líklegu umfangi snjóflóðavarnarvirkja í þeim sveitarfélögum sem þá var talið að byggju við snjóflóðahættu. Í október 1996 var gefin út af Veðurstofu Íslands skýrslan „Þörf fyrir snjóflóðavarnarvirki á Íslandi – Yfirlit og mat á kostnaði" og er þar leitast við að meta umfang varnarvirkja á einstökum svæðum og líklegan kostnað við framkvæmdina. Athugunin var gerð fyrir umhverfisráðuneytið og sveitarstjórnir á snjóflóðahættusvæðum. Á grundvelli þessarar skýrslu samþykkti ríkisstjórnin langtímaáætlun um framkvæmdir sem gerði ráð fyrir að mögulegt gæti verið að ljúka nauðsynlegum framkvæmdum á árunum 2010 til 2012. Framkvæmdir hafa því miður gengið nokkuð hægar en áætlað var í upphafi, en á árinu 2003 var ákveðið að hægja á framkvæmdum á vegum Ofanflóðasjóðs vegna almennrar þenslu vegna framkvæmda í landinu á árunum 2004-2007, auk þess sem all nokkur ný verkefni hafa bæst við. Nú er einnig fyrirsjáanlegt, vegna efnahagsástandsins, að Ofanflóðasjóður mun ekki geta staðið fyrir nýjum framkvæmdum næstu 2-3 árin. Þetta þýðir að líklega er óraunhæft að ljúka þeim framkvæmdum sem fyrirsjáanlegar voru á árinu 1996 fyrr en einhverntíma á seinni hluta annars áratugarins. Engu að síður hefur nú þegar margt áunnist og lætur nærri að um helmingi þeirra framkvæmda, sem áætlaðar voru árið 1996, hafi verið lokið í árslok 2008.

Ofanflóðanefnd vill þakka sveitarfélögunum sem í hlut eiga, Veðurstofu Íslands, Framkvæmdasýslu ríkisins, hönnuðum og verktökum fyrir gott samstarf á þessu tímabili og væntir þess að þessi skýrsla veiti lesendum greinargóðar upplýsingar um störf nefndarinnar og verkefni Ofanflóðasjóðs árin 2002 til og með 2008.

Í desember 2009,

Magnnús Jóhannesson formaður



# Efnisyfirlit


| | |
|---|---|
| 1. OFANFLÓÐANEFND | 8 |
| 1.1. Hlutverk og verklag | 8 |
| 1.2. Nefndarmenn og starfsmenn | 8 |
| 1.3. Fundir nefndarinnar | 8 |
| 2. OFANFLÓÐASJÓÐUR | 9 |
| 2.1. Hlutverk | 9 |
| 3. AÐGERÐIR OFANFLÓÐANEFNDAR | 10 |
| 3.1. Bolungarvík | 10 |
| 3.2. Breiðdalshreppur | 10 |
| 3.3. Eyjafjarðarsveit | 11 |
| 3.4. Fjallabyggð | 12 |
| 3.5. Fjarðabyggð | 14 |
| 3.6. Grýtubakkahreppur | 15 |
| 3.7. Ísafjarðardjúp | 15 |
| 3.8. Ísafjörður | 16 |
| 3.9. Seyðisfjörður | 18 |
| 3.10. Skagafjörður | 19 |
| 3.11. Snæfellsbær | 19 |
| 3.12. Súðavík | 20 |
| 3.13. Tálknafjörður | 20 |
| 3.14. Vesturbyggð | 20 |
| 3.15. Annað | 21 |
| 3.16. Tekjur og gjöld | 22 |
| 3.17. Stærstu verkefni | 23 |
| 4. SNJÓFLÓÐARANNSÓKNIR OG HÆTTUMAT | 24 |
| 4.1. Rannsóknir | 24 |
| 4.2. Seyðisfjörður | 26 |
| 4.3. Fjarðabyggð | 26 |
| 4.4. Bolungarvík | 26 |
| 4.5. Vesturbyggð | 26 |
| 4.6. Snæfellsbær | 27 |
| 4.7. Ísafjörður | 28-29 |
| 4.8. Fjallabyggð | 29 |
| 4.9. Súðavík | 29 |
| 4.10. Tálknafjörður | 29 |
| 5. ÁRSREIKNINGAR OFANFLÓÐASJÓÐS | 30 |
| 5.1. Ársreikningur Ofanflóðasjóðs fyrir árið 2002 | 30 |
| Rekstrarreikningur ársins 2002 | 30 |
| Efnahagsreikningur 31. desember 2002 | 31 |
| Sjóðstreymi árið 2002 | 32 |
| 5.2. Ársreikningur Ofanflóðasjóðs fyrir árið 2003 | 33 |

| | |
|---|---|
| Rekstrarreikningur ársins 2003 | 33 |
| Efnahagsreikningur 31. desember 2003 | 34 |
| Sjóðstreymi árið 2003 | 35 |
| 5.3. Ársreikningur Ofanflóðasjóðs fyrir árið 2004 | 36 |
| Rekstrarreikningur ársins 2004 | 36 |
| Efnahagsreikningur 31. desember 2004 | 37 |
| Sjóðstreymi árið 2004 | 38 |
| 5.4. Ársreikningur Ofanflóðasjóðs fyrir árið 2005 | 39 |
| Rekstrarreikningur ársins 2005 | 39 |
| Efnahagsreikningur 31. desember 2005 | 40 |
| Sjóðstreymi árið 2005 | 41 |
| 5.5. Ársreikningur Ofanflóðasjóðs fyrir árið 2006 | 42 |
| Rekstrarreikningur ársins 2006 | 42 |
| Efnahagsreikningur 31. desember 2006 | 43-44 |
| Sjóðstreymi árið 2006 | 45 |
| 5.6. Ársreikningur Ofanflóðasjóðs fyrir árið 2007 | 46 |
| Rekstrarreikningur ársins 2007 | 46 |
| Efnahagsreikningur 31. desember 2007 | 47-48 |
| Sjóðstreymi árið 2007 | 49 |
| 5.7. Ársreikningur Ofanflóðasjóðs fyrir árið 2008 | 50 |
| Rekstrarreikningur ársins 2008 | 50 |
| Efnahagsreikningur 31. desember 2008 | 51-52 |
| Sjóðstreymi árið 2008 | 53 |
| 6. LÖG UM VARNIR GEGN SKRIÐUFÖLLUM OG SNJÓFLÓÐUM | 54-58 |

# 1. Ofanflóðanefnd

## 1.1. Hlutverk og verklag

Ofanflóðanefnd starfar í umboði umhverfisráðherra.
Samkvæmt lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum frá 1997 er hlutverk Ofanflóðanefndar:

- Að fjalla um og taka afstöðu til tillagna sveitarstjórna um gerð varnarvirkja á hættusvæðum
- Að taka afstöðu til tillagna um kaup eða flutning húseigna eða annarra verðmæta í stað þess að reisa varnarvirki eða beita öðrum varnaraðgerðum
- Að gera tillögur til umhverfisráðherra um fjárstuðning úr Ofanflóðasjóði við þær framkvæmdir sem nefndar eru hér að ofan.

Allar framkvæmdir sveitarfélaga sem falla undir hlutverk Ofanflóðanefndar, þar sem sótt er um fjármagn til Ofanflóðasjóðs, þurfa að hljóta samþykki Ofanflóðanefndar áður en þær hefjast. Þannig mega sveitarfélög ekki hafa stofnað til fjárskuldbindinga áður en samþykki Ofanflóðanefndar liggur fyrir. Frumkvæði þarf því að koma frá sveitarfélögum með stuðningi Ofanflóðasjóðs. Ofanflóðanefnd forgangsraðar svo framkvæmdum í samráði við viðkomandi sveitarfélag og Veðurstofu Íslands.
Eftir að rammaáætlun var gerð um heildarúttekt á þörfum fyrir snjóflóðavarnir á Íslandi og samþykkt af ríkisstjórn 1997 hefur nefndin unnið eftir henni.

## 1.2. Nefndarmenn og starfsmenn

Ný nefnd var skipuð á vormánuðum 2008. Í nefndinni sitja Magnús Jóhannesson, ráðuneytisstjóri, tilnefndur af umhverfisráðherra og er hann formaður nefndarinnar; Þráinn Sigurðsson, tilnefndur af samgönguráðherra og Birgir Örn Ólafsson, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Nefndin er skipuð til fjögurra ára. Varamaður Magnúsar er Sigríður Auður Arnardóttir, Ólafur H. Kárason er varamaður Þráins og Torfi Jóhannesson varamaður Birgis Arnar.
Á árunum 2002 til 2004 sátu í Ofanflóðanefnd Magnús Jóhannesson, formaður, Óli Jón Gunnarsson og Húnbogi Þorsteinsson. Ein breyting varð á nefndinni 2004 og hana skipuðu til 2008 Magnús Jóhannesson, formaður, Óli Jón Gunnarsson og Gestur Guðjónsson. Starfsmaður nefndarinnar frá 2006 er Hafsteinn Pálsson verkfræðingur í umhverfisráðuneytinu en hann tók við því starfi af Smára Þorvaldssyni verkfræðingi sem hafði starfað fyrir nefndina frá upphafi.

## 1.3. Fundir nefndarinnar

Nefndin hélt á tímabilinu 2002-2008 alls 56 fundi. Alls hefur Ofanflóðanefnd haldið 149 fundi frá því hún var sett á laggirnar 1996.

# 2. Ofanflóðasjóður

## 2.1. Hlutverk

Kveðið er á um hlutverk Ofanflóðasjóðs í lögum frá 1997 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum nr. 49. Sjóðurinn er fyrst og fremst forvarnarsjóður og hans meginhlutverk er að greiða kostnað vegna varnarframkvæmda og annarra fyrirbyggjandi aðgerða sem tryggja eiga öryggi íbúa á snjóflóðahættusvæðum. Í lögunum er kveðið á um að sjóðnum sé einkum ætlað að fjármagna:

- kostnað vegna gerð hættumats fyrir byggð sem talin er á hættusvæði og byggð var fyrir gildistöku laganna
- kostnað við kaup og uppsetningu tækjabúnaðar til nota við rannsóknir og eftirlit með snjóflóðum
- allt að 90% af kostnaði við undirbúning og gerð varnarvirkja á hættusvæðum
- allt að 60% af kostnaði við viðhald varnarvirkja
- allt að 90% af kostnaði sveitarfélaga við uppkaup á verðmætum eða flutningi þeirra á öruggt svæði

# 3. Aðgerðir ofanflóðanefndar

## 3.1. Bolungarvík

Á árinu 2002 var íbúum Bolungarvíkur kynnt matsskýrsla vegna framkvæmda við snjóflóðavarnarvirki í Bolungarvík. Mikil andstaða reyndist við tillögur um varnarmannvirki, ekki síst vegna fyrirhugaðra kaupa á íbúðarhúsnæði sem rífa þyrfti niður vegna framkvæmdanna. Í lok ársins ákvað Bolungarvíkurkaupstaður að skjóta úrskurði vegna kaupa til dómstóla. Einnig var unnið að frumrannsókn fornleifa í garðstæði.

Af þessum sökum fóru í hönd tímafrekar viðræður milli Ofanflóðanefndar og bæjarstjórnar Bolungarvíkur árið 2003. Var m.a. rætt um athugun aðgerða undir Ufsum og framkvæmdir við þvergarð. Ekki var vilji til þess innan bæjarstjórnar að hefja framkvæmdir fyrr en uppkaupsmálum væri að fullu lokið, þ.e. þá líklega ekki fyrr en að fenginni niðurstöðu Hæstaréttar. Bæjarstjórn vildi þó hefja nokkrar undirbúningsframkvæmdir á árinu 2004, s.s. færa vatnslögn o.fl. úr fyrirhuguðu garðstæði. Ofanflóðanefnd samþykkti að styrkja sveitarfélagið til slíkra undirbúningsverkefna enda ljóst að það væri hagkvæmt m.t.t. framkvæmda við þvergarðinn. Á árinu 2004 var hættumatsvinnu fyrir Bolungarvík lokið og það staðfest í september það ár.

Sveitarstjórnin ákvað á árinu 2005 að una dómi héraðsdóms varðandi staðgreiðslumatsverð fasteigna. Ofanflóðanefnd varð við óskum sveitarfélagsins og tók tillit til breytinga á verðlagi frá því að matið var gert.

Ofanflóðanefnd samþykkti 2006 að styðja við frekari fornleifarannsóknir á svæði sem lendir undir fyrirhuguðum varnargarði. Þeirri vinnu lauk á árinu með skýrslu um rannsóknina.

Gengið var frá útboðsgögnum 2007 vegna framkvæmda við varnargarð. Aðalskipulag sveitarfélagsins var samþykkt og Skiplagsstofnun afgreiddi skýrslu um mat á umhverfisáhrifum.

Árið 2008 var gengið frá kostnaðarmati FSR og verkið boðið út og framkvæmdir hafnar. Verið er að skoða möguleika á fyrirkomulagi og umfangi varna fyrir byggð undir Ufsum.

## 3.2. Breiðdalshreppur

Samið var við lægstbjóðanda í varnarvirkjagerð við Tóarsel í Breiðdal árið 2002 og lauk framkvæmdum við leiðigarðinn sem og lokaúttekt vegna framkvæmdanna á því ári.

## 3.3. Eyjafjarðarsveit

Mikil skriðuföll urðu í desember 2007 við bæinn Grænuhlíð í Eyjafirði. Greinagerð barst um málið frá Náttúrufræðistofnun og var hún send til umsagnar hjá Veðurstofunni. Í kjölfar þeirrar vinnu var ákveðið að hefja vinnu við frumathugun vegna varna í Grænuhlíð. Vinna hófst við hönnun og útboðsgögn þegar frumathugunarskýrsla lá fyrir.

Samið var um gerð útboðsganga árið 2008 og undirbúning að verðkönnun. Í kjölfarið hófust framkvæmdir við varnargarð fyrir ofan Grænuhlíð.

Grænahlíð í Eyjafjarðarsveit



## 3.4. Fjallabyggð

Á árinu 2002 fór fram almenn kynning á aðgerðum til varnar gegn snjóflóðum og samþykkt aðgerðaáætlun snjóflóðavarna 2002-2010 fyrir Siglufjörð. Einnig var hættumat fyrir Siglufjörð staðfest.

Hönnun þvergarða var boðin út árið 2003 og samið við lægstbjóðanda. Framkvæmdir hófust í kjölfarið við þvergarða og framleiðslu og uppsetningu stoðvirkja í Gróuskarðshnjúki. Snjóflóðaleiðigarðar á Siglufirði voru verðlaunaðir í evrópskri samkeppni landslagshönnuða.

Samþykkt var á árinu 2004 að verða við erindi Ólafsfjarðarbæjar um stuðning við að hreinsa uppúr skurðum ofan við bæinn sem skemmst höfðu í vatnsveðri. Árið eftir lauk frumathugun vegna Hornbrekku. Einnig var samþykkt árið 2004 að grípa til sérstakra ráðstafana til að draga úr líkum á því að vatnsflæði ykist hjá þeim sem búa næst framkvæmdasvæðinu á Siglufirði. Framkvæmdum við stoðvirki lauk á árinu. Sáning og gróðursetning var boðin út og framkvæmd. Auk þess var bætt tjón á trjágróðri vegna framkvæmda við snjóflóðavarnir á Siglufirði.
Árið eftir, 2006, var unnið að uppgræðslu raskaðra svæða á Siglufirði samhliða vinnu við þvergarða. Þrátt fyrir áherslu heimamanna á frágang og sáningu raskaðra svæða dróst framvinda þeirra verkþátta og lauk ekki á árinu. Stoðvirkjatilrauninni á Siglufirði, sem hófst árið 1996, lauk á hinn bóginn. Eftir er nokkur vinna áður en unnt er að nota niðurstöðurnar sem íslenskar verklagsreglur um uppsetningu og hönnun stoðvirkja.



Litli og stóri Boli, Siglufirði

Samþykkt var árið 2007 að taka þátt í kostnaði vegna tjóns í húsi sem rakið var til framkvæmda við varnargarða á Siglufirði. Sama ár var samið um hönnun varna og gerð útboðsgagna fyrir Hornbrekku og árið eftir, 2008, var hönnun boðin út og unnið að hönnun varna.

Ofanflóðanefnd samþykkti að greiða Siglufjarðarbæ árið 2008 bætur vegna húsa, sem urðu fyrir tjóni vegna framkvæmda við varnargarðinn, en tjónið var sannanlega vegna garðanna að mati Verkfræðistofu Siglufjarðar sem skilaði skýrslu um málið. Nefndin samþykkti einnig að tilnefndir yrðu tveir matsmenn í samráði við Fjallabyggð til að skoða önnur tjónatilvik sem hugsanlega tengdust framkvæmdum við garðana. Vinnu við garða lauk 2008 á Siglufirði.

Upptakastoðvirki í Gróuskarðshnjúki, Siglufirði



## 3.5. Fjarðabyggð

Nefndin samþykkti aðgerðaáætlun vegna snjóflóðavarna fyrir Neskaupstað árið 2002. Einnig var frumathugun vegna varna undir Tröllagiljum unnin á árinu og framkvæmdum undir Drangagili lauk. Auk þess var unnið að uppbyggingu stoðvirkja, uppgræðslu og frágangi við íþróttasvæði og hættumat fyrir Neskaupstað staðfest. Lengd þvergarðsins undir Drangagili er 400 m, fjöldi keila 13 og lengd stoðvirkja 1250 m.

Hættumat var staðfest og unnið að frumáætlun fyrir ofanflóðahættu við Eskifjörð árið 2002. Árið eftir var skýrsla með frumathugun um snjóflóðavarnir fyrir Eskifjörð kynnt.

Vegna ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um samdrátt í opinberum verklegum framkvæmdum var sveitarfélaginu tilkynnt árið 2004 að fjárstuðningur sjóðsins við frekari varnarframkvæmdir í sveitarfélaginu væri ekki mögulegur fyrr en í fyrsta lagi árið 2007.

Árið 2005 var skipuð nefnd til að meta tjón og bætur vegna gróðurs sem tapast hafði vegna framkvæmda við snjóflóðagarð í Neskaupstað. Einnig var samþykkt beiðni um gerð frumathugunar á vörnum gegn aurflóðum í lækjarfarvegi við snjóflóðavarnargarð.

Ofanflóðanefnd samþykkti árið 2006 að greiða sveitarfélaginu bætur vegna trjágróðurs sem þurfti að víkja. Upphæð bótanna er byggð á mati tilkvaddra matsmanna.

Á árinu 2007 var undirbúningsvinnu vegna útboðs á verkhönnun snjóflóðavarna við Tröllagil lokið. Unnið var að gerð útboðsgagna vegna upptakastoðvirkja árið 2008. Einnig var unnið að undirbúningi færslu vatnslagnar og því að ræsa garðasvæðið fram.

Varnargarður undir Drangagili, Neskaupstað



## 3.6. Grýtubakkahreppur

Nefndin skoðaði aðstæður við bæinn Hvamm í Grýtubakkahreppi í fylgd sveitarstjóra árið 2004 en þar hafði fallið snjóflóð upp að íbúðarhúsi veturinn áður. Samþykkt var að láta framkvæma frumathugun á ofanflóðahættu fyrir Hvamm.

## 3.7. Ísafjarðardjúp

Árið 2004 var unnin verkhönnun vegna varna fyrir Laugaból í Laugardal og stefnt að útboði um haustið. Engar framkvæmdir hafa átt sér þar stað.

Varnargarðar og keilur, Neskaupstað



## 3.8. Ísafjörður

Lokið var frágangi vegna framkvæmda á Flateyri, samkvæmt áður gerðu samkomulagi, árið 2002. Einnig samþykkti nefndin að styðja evrópskt snjóflóðarannsóknarverkefni sem einkum felst í kaupum og uppsetningu á búnaði til mælinga við snjóflóðagarða m.a. á Flateyri. Hættumat fyrir Ísafjörð var staðfest á árinu og Ofanflóðasjóður styrkti bæinn vegna málskostnaðar vegna kaupa á íbúðarhúsnæði í Hnífsdal.

Samþykkt var árið 2003 að hefja undirbúning útboðs á leiðigarði í Seljalandshlíð og lauk 83% af verkinu það ár. Með tilliti til fyrirhugaðs leiðigarðs var ákveðið að fá Veðurstofu Íslands til að meta öryggi íbúanna í Seljalandi og var samþykkt að styrkja sveitarfélagið til að kaupa íbúðarhúsnæði í Seljalandi. Lengd leiðigarðsins er 650 m, fjöldi keila 14 og efnismagnið 356 þúsund rúmmetrar.

Sama ár var einnig samþykkt að hefja frumathugun snjóflóðavarna í norðanverðum Hnífsdal.

Á grundvelli fyrirliggjandi kostnaðaráætlunar árið 2004 var samþykkt að styrkja framkvæmdir við grjóthrunsvarnir í Gleiðarhjalla og á Suðureyri. Einnig var kynnt frumathugun vegna snjóflóðavarna í Kubbahverfi. Sjóðurinn ákvað að greiða bætur vegna trjágróðurs sem fjarlægja þurfti vegna framkvæmda við Seljalandsgarð. Framkvæmdum við leiðigarða og keilur lauk á árinu 2004. Uppgræðsla og gróðursetning hófst í kjölfarið. Einnig var ákveðið að kaupa upp þrjú einbýlishús í Hnífsdal á grundvelli fyrirliggjandi mats á snjóflóðahættu og kostnaði við varanlegar varnir.

Á árinu 2006 var gengið frá ófullgerðum svæðum innan snjóflóðagarðanna á Flateyri.

Orðið var við erindi Ísafjarðarkaupstaðar frá árinu 2006 um kostnað í tengslum við frágang opinna svæða á Flateyri og framkvæmdir við varnargarða. Sama ár var samþykkt beiðni Ísafjarðar um lokafrágang við Seljalandsgarð og þar með lokið framkvæmdum við Seljalandsgarð.

Gengið var frá kostnaðarhlutdeild ofanflóðasjóðs varðandi niðurrif húseigna í Hnífsdal árið 2007. Lögð voru fram til kynningar drög að mati á hættu vegna ofanflóða í Seljalandshverfi, Tunguskreið, Tungudal, Dagverðardal og Innri-Kirkjubólshlíð. Einnig greinargerð með tillögu að hættumatskorti.

Óskað var eftir samstarfi við Landgræðsluna vegna uppgræðslu garðsvæða á Ísafirði og á Flateyri vegna slakrar gróðurfestu í görðunum. Einnig hófst vinna við frumathugun vegna Eyrarhlíðar/Urðarvegar neðan Gleiðarhjalla 2008.



Seljalandsgarður og keilur, Ísafirði



## 3.9. Seyðisfjörður

Árið 2002 var hættumat staðfest og kynnt og lokið við útboð á verkhönnun garða. Einnig samþykkti nefndin að taka þátt í kostnaði vegna rannsókna í Þófa.

Nefndin greiddi á árinu 2003 hluta af rannsóknarkostnaði vegna ofanflóðahættu í Botnum og Þófa. Samþykkt var að greiða fyrir hreinsun farvega neðan Botna enda dragi hún úr líkum á að flóð ógni byggð.

Samið var við lægstbjóðendur um byggingu garða á Brún ofan byggðar. Vinna hófst á árinu 2003 við þver- og leiðigarða í Bjólfi.

Breikkun árfarvega við sunnanverðan Seyðisfjörð lauk árið 2004 en vinna í Bjólfi dróst m.a. vegna veðurs.

Framkvæmdum við snjóflóðavarnir í Bjólfi lauk árið 2006. Lengd garðanna er 650 m og efnismagnið 210 þúsund rúmmetrar.

Varnargarðar í Bjólfi, Seyðisfirði



## 3.10. Skagafjörður

Nefndin samþykkti að styrkja sveitarfélagið til kaupa á íbúðarhúsinu á Ljótsstöðum vegna ofanflóðahættu árið 2002.

## 3.11. Snæfellsbær

Frumathugun í Ólafsvík lauk 2005. Samþykkt var að hefja verkhönnun snjóflóðavarna samkvæmt fyrirliggjandi áætlun sjóðsins árið 2006. Hönnun verksins hófst og var gert ráð fyrir þrískiptingu þess; (a) hönnun og smíði stoðvirkja, (b) uppsetningu stoðvirkja og (c) jarðvinnu og smíði brúar.

Unnið var að kynningu á verkefninu með heimamönnum árið 2007 og að breytingum við aðalskipulag. Sú vinna tafði útboðsferli. Samið var um smíði stoðvirkja en ekki fékkst, að mati Framkvæmdastofnunar ríkisins, viðunandi tilboð í uppsetningu við fyrsta útboð. Samningar tókust síðar á árinu. Uppsetning stoðvirkja hófst og einnig jarðvinna og brúargerð.

Verktakinn sem samið hafði verið við um uppsetningu stoðvirkja fór í þrot árið 2008 og tafðist verkið þess vegna. Samið var við undirverktaka um verklok. Framkvæmdum við jarðvinnu og brúargerð lauk svo og vinnu við undirstöður stoðvirkja. Uppgræðsla hófst. Mikil flóð ollu skemmdum m.a. í bæjargilinu, á stígum og yfirborðsfrágangi. Nefndin samþykkti að unnið yrði að endurbótum í samræmi við skýrslu Verkfræðistofu Siglufjarðar og Línuhönnunar þar að lútandi.

Rofvörn í bæjargilinu í Ólafsvík



## 3.12. Súðavík

Á árinu 2002 var gengið frá síðustu uppkaupum íbúðarhúsa í Súðavík. Einnig samþykkti Ofanflóðanefnd yfirfarið uppgjör vegna flutnings byggðar í Súðavík og yfirfarið uppgjör vegna uppgræðslu og frágangs og þar með lauk formlegum flutningi byggðar í Súðavík með stuðningi Ofanflóðasjóðs.

## 3.13. Tálknafjörður

Drög að hættumati fyrir Tálknafjörð voru lögð fram til kynningar árið 2007. Hættumat var lagt fram til kynningar árið eftir, 2008.

## 3.14. Vesturbyggð

Óskað var eftir að gerð yrði frumathugun á Klifi á Patreksfirði í tengslum við byggingu íþróttahúss árið 2003. Nefndin samþykkti aðgerðaáætlun fyrir Patreksfjarðarkauptún.

Árið 2004 samþykkti nefndin, að ósk sveitarfélagsins, að gerð yrði tæknileg athugun á því hvort efnistaka úr Búðargili gæti nýst til snjóflóðavarna í tengslum við hafnarframkvæmdir í Bíldudal. Efnistöku vegna hafnargerðar lauk á árinu og unnið var að frumathugun á hafti í Búðargili og garði á syðri bakka rásarinnar undan Búðargili. Aðgerðaáætlun fyrir Búðargil var samþykkt með fyrirvara um fjárhagslegt bolmagn sjóðsins.

Aðgerðaáætlun vegna Bíldudals og Patreksfjarðar var samþykkt með fyrirvara um fjárhagslegt bolmagn sjóðsins árið 2004. Árið eftir, 2005, samþykkti nefndin að framkvæmdir við snjóflóðavarnir undir Búðargildi gætu hafist á árinu 2006. Einnig var samþykkt að undirbúningi varnaraðgerða á Patreksfirði og Bíldudal yrði framhaldið í samræmi við fyrirliggjandi aðgerðaáætlun.

Ákveðið var að styðja sveitarfélagið við kaup á fasteignum neðan Búðargildis á Bíldudal árið 2006. Samið var um gerð útboðsgagna og vinnuteikninga vegna leiðigarðs. Vinna hófst við frumathugun á Patreksfirði samkvæmt fyrirliggjandi áætlun.

Drög að forathugunarskýrslu fyrir Patreksfjörð var kynnt árið 2007. Verkhönnun og vinna við útboðsgögn fyrir Bíldudal var unnin það ár og í kjölfarið var haldinn íbúafundur á Bíldudal 29. nóvember 2007 þar sem fyrirhugaðar framkvæmdir voru kynntar. Árið eftir var unnið að skipulagsmálum. Útboð vegna framkvæmda í Búðargili á Bíldudal var haldið árið 2008 og framkvæmdir hófust.

## 3.15. Annað

Greint var frá þeirri stefnu ríkisstjórnarinnar árið 2003 að draga sem mest úr opinberum framkvæmdum á árunum 2004-2006 vegna virkjanaframkvæmda. Ljóst var að það myndi takmarka möguleika Ofanflóðasjóðs til þátttöku í nýjum verkefnum á þessu tímabili þótt stjórn sjóðsins vænti þess að geta stutt einhverjar nýjar framkvæmdir á tímabilinu. Nefndin samþykkti að leitast við að byggja upp stoðvirkjaáætlun með það fyrir augum að skapa samfellu í framkvæmdum og auðvelda íslenskum aðilum þátttöku í verkefnum sem sjóðurinn kostaði.

Á árinu 2005 var gengið frá verksamningi vegna tilrauna með styrk skriðuefna og vegna hönnunar stoðvirkja. Einnig var gengið frá verksamningi vegna tilrauna með snjódýptarmæli. Samþykkt var að styrkja framleiðslu-, hönnunar- og nákvæmniprófun snjómælis árið 2006. Í kjölfarið  var samþykkt að kaupa 3 slíka mæla. Fyrirliggjandi var jákvæð umsögn Veðurstofu Íslands. Kynnt var hættumatsverkefni fyrir dreifbýli sem gert var í Svarfaðardal. Niðurstöður bentu til þess að 400 bæir á Íslandi gætu verið í snjóflóðahættu. Samþykkt var að styrkja einn mann til að sækja snjóflóðanámskeið (level 2) hjá Canadian Avalanche Assiciation, enda lá fyrir jákvæð umsögn Veðurstofu Íslands. Lögð var fram greinagerðin „Könnun á snjóflóðaaðstæðum í Svarfaðardal“ sem er tilraunaverkefni Veðurstofunnar og Náttúrufræðistofnunar.

Árið 2007 voru kynntar hugmyndir að rannsóknum um virkni snjósöfnunargrinda ofan Urða á Patreksfirði. Lögð var fram til kynningar áfangaskýrsla um snjómæli SM4, sem í var samantekt reynslu áranna 2006-2007. Þá lagði Veðurstofan  fram bréf um hættumat til 20 sveitarfélaga. Samþykkt var að styðja verkefni Skipulagsstofnunar um að kanna samfélagsleg áhrif snjóflóðavarna. Samþykkt var að styrkja gerð heimildarmyndar um mannlíf á norðanverðum Vestfjörðum fyrir og eftir ein mannskæðustu snjóflóð í sögu landsins. Nefndin fjallaði um drög að breytingum á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Einnig voru lögð  fram til kynningar drög að lagafrumvarpi varðandi heimild fyrir úttekt á hættu á ofanflóðum í dreifbýli. Veðurstofan kynnti á árinu verkefni um bylgjuvíxlmælingar og er skýrsla um verkefnið  væntanleg.  Á árinu lagði Náttúrufræðistofnun fram skýrsluna „Hrun- og skriðuhætta á nokkrum þéttbýlisstöðum“.

Lagt var fram til kynningar minnisblað árið 2008 um samstarf Veðurstofu Íslands og Náttúrufræðistofnunar Íslands um ofanflóðagagnasafn. Einnig var kynnt erindi Magnúsar Jóhannessonar um hlutverk Ofanflóðasjóðs sem kynnt verður á ráðstefnu um ofanflóðamál á Egilsstöðum í mars. Lagt fram álit umhverfisnefndar vegna frumvarps um breytingar á lögum um ofanflóðavarnir. Samþykkt var að styrkja verkefnið „Langtímaviðbrögð sveitarfélaga við náttúruvá” sem Stofnun Sæmundar Fróða stendur fyrir.

## 3.16. Tekjur og gjöld

Súlurit yfir tekjur og gjöld 2002 til 2008



## 3.17. Stærstu verkefni

Stærstu útgjaldaliðir Ofanflóðasjóðs eru tilfærslur til sveitarfélaga vegna framkvæmda við varnarvirki og aðrar forvarnaraðgerðir gegn snjóflóðum. Á árunum 2002 til 2008 námu þessir liðir þar sem framkvæmdir voru hvað mestar ríflega 2,8 milljörðum króna. Stærstu verkefnin voru unnin í sveitarfélögunum sem talin eru upp í meðfylgjandi töflu hér að neðan. Ársreikningana í heild er að finna aftast í þessari skýrslu.

Helstu verkefni Ofanflóðasjóðs eftir árum

| | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | 2006 | 2007 | 2008 | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Snæfellsbær | 0 | 24.075 | 594.621 | 3.513.801 | 1.294.043 | 84.980.752 | 153.296.401 | 243.703.693 |
| Vesturbyggð | 0 | 2.766.060 | 28.883 | 10.956.817 | 16.760.050 | 7.752.806 | 189.868.890 | 228.133.506 |
| Bolungarvík | 11.030.386 | 6.170.916 | 1.908.460 | 47.813.144 | 52.419.932 | 18.452.824 | 176.420.143 | 314.215.805 |
| Ísafjörður | 57.598.259 | 275.573.057 | 219.478.431 | 45.824.482 | 27.642.004 | 176.136.641 | 1.599.062 | 803.851.936 |
| Fjallabyggð: Siglufjörður / Ólafsfjörður | 27.779.561 | 164.296.737 | 227.773.962 | 199.493.778 | 102.828.740 | 134.784.902 | 152.489.022 | 1.009.446.702 |
| Fjarðabyggð: Neskaupstaður | 116.522.432 | 88.215.136 | 2.631.492 | 0 | 0 | 5.831.972 | 17.948.225 | 231.149.257 |

# 4. Snjóflóðarannsóknir og hættumat

## 4.1. Rannsóknir

Á árunum 2002-2008 fjármagnaði Ofanflóðasjóður umtalsverðar rannsóknir á snjóflóðum með það fyrir augum að auka öryggi gagnvart snjóflóðahættu. Má þar einkum og sér í lagi nefna rannsóknir á sviði snjóflóðavarna, hættumats, sjálfvirkar snjó- og veðurathuganir o.fl. Lögð var áhersla á rannsóknir á snjóflóðavarnarvirkjum í samvinnu við erlenda samstarfsaðila og lauk þeirri vinnu með útgáfu handbókar um hönnun snjóflóðagarða sem gefin var út af Evrópuráðinu (The design of avalanche protection dams, ritstj. T. Jóhannesson, P. Gauer, P. Issler, K. Lied, European Communities, 2009, ISBN 978-92-79-08885-8).

Á tímabilinu var lokið hættumati fyrir helstu þéttbýlisstaði landsins sem búa við ofanflóðahættu, en það hófst, eins og kunnugt er, í kjölfar snjóflóðanna á Súðavík og Flateyri á árinu 1995. Matið var unnið af starfsmönnum Veðurstofu Íslands en að því komu einnig sérfræðingar frá austurrískum, norskum og svissneskum snjóflóðarannsóknastofnunum og sérfræðingar í skriðuföllum frá Náttúrufræðistofnun Íslands á Akureyri. Jafnframt voru ofanflóðaaðstæður kannaðar á öðrum þéttbýlisstöðum og gert yfirlit um þá staði þar sem fram þarf að fara hættumat. Leiddi sú könnun í ljós að meta þarf hættu á sjö þéttbýlisstöðum til viðbótar. Í öllum tilvikum var þar um að ræða litla ofanflóðahættu eða lítinn hluta viðkomandi byggðar. Einnig hófst vinna við úttekt á ofanflóðaaðstæðum í dreifbýli, þar sem megináhersla er lögð á að finna þá bæi sem taldir eru í verulegri ofanflóðahættu, og við hættumat á skíðasvæðum, en samkvæmt lögum ber að meta hættu á skipulögðum skíðasvæðum.

Árið 2006 fjármagnaði Ofanflóðasjóður kaup á austurríska tölvulíkaninu SAMOS til að herma flæði snjóflóða. Líkanið er notað bæði við hættumat og rannsóknir. Áður hafði Veðurstofan greitt erlendum ráðgjöfum fyrir líkanakeyrslur með svipuðum líkönum. SAMOS líkanið hefur reynst vel til að líkja eftir nokkrum stórum snjóflóðum sem fallið hafa hér á landi og er nú notað við flest hættumatsverkefni á Veðurstofunni. Á meðfylgjandi mynd má sjá niðurstöður SAMOS líkansins fyrir snjóflóð úr hlíð Breiðafells ofan Seljalandsdals og úr Seljalandshlíð í Skutulsfirði.

Hér á eftir er yfirlit yfir hættumat fyrir einstaka staði á landinu í lok ársins 2008. Hættumatskort, skýrslur og kynningarefni fyrir íbúa og almenning um hættumat er aðgengilegt á hættumatsvef Veðurstofunnar („http://www.vedur.is/ofanflod/haettumat“).




Niðurstöður SAMOS líkansins fyrir snjóflóð úr hlíð Breiðafells ofan Seljalandsdals og úr Seljalandshlíð í Skutulsfirði.

Hámarkshraði snjóflóðs með rennslisstig 16 úr Seljalandshlíð ofan Seljalandshverfis og Tungudals reiknaður með SAMOS líkaninu. Áhrif varnargarðs og keilna á Seljalandsmúla eru ekki tekin með í reikninginn. Rauðir ferlar sýna útlínur helstu snjóflóða á svæðinu, m.a. flóðsins sem féll á skíðasvæðið í Seljalandsdal 5. apríl 1994.

Sjá má að líkaninu reiknast til að snjóflóð nái fram af brún Tungudals á svipuðum stað og flóðið 1994 steyptist niður í dalinn.

## 4.2. Seyðisfjörður

Vinna við hættumat fyrir Seyðisfjörð hófst formlega 1999 og byggði á fyrri rannsóknum frá árunum 1997-1998. Vettvangskönnun fór að mestu fram sumarið 2000 en aðstæður voru kannaðar nánar árin 2001 og 2002. Niðurstöður hættumatsins voru kynntar á opnum borgarafundi 20. mars 2002. Engar athugasemdir bárust.

## 4.3. Fjarðabyggð

Vinna við hættumat fyrir Eskifjörð hófst árið 2000 og vettvangskönnun fór fram þá um sumarið. Niðurstöður hættumatsins voru kynntar á opnum borgarafundum 29. apríl 2002. Ein athugasemd er varðaði mörk hættusvæðis C við Bogahlíð barst á kynningartímanum. Fjallað var um athugasemdina í hættumatsnefnd og leitað skýringa hjá Veðurstofu Íslands en ekki þótti tilefni til að breyta mörkum hættusvæða vegna hennar.

Vinna við hættumat fyrir Fáskrúðsfjörð hófst árið 2005 og vettvangskönnun fór fram þá um haustið. Niðurstöður hættumatsins voru kynntar á opnum borgarafundi 14. febrúar 2006. Engar athugasemdir bárust.

Hættumat fyrir Neskaupstað var unnið á árunum 1998 til 2001 og kynnt á borgarafundi á árinu 2001. Hættumatið tekur tillit til varnarvirkja undir Drangaskarði sem reist voru á árunum 1999 til 2002.

## 4.4. Bolungarvík

Vinna við hættumat fyrir Bolungarvík hófst árið 2000 og vettvangskönnun fór fram þá um haustið. Niðurstöður hættumatsins voru kynntar á opnum borgarafundi 10. desember 2002. Ein athugasemd barst. Megininntak hennar var að snjómagn á upptakasvæðum væri ofmetið. Því sýndu tvívíðir líkanreikningar of mikla úthlaupslengd. Fjallað var um athugasemdina í hættumatsnefnd og í svari hennar kom m.a. fram að tvívíða líkanið er aðeins leiðbeinandi en ekki ákvarðandi fyrir hættumatið.

## 4.5. Vesturbyggð

Vinna við hættumat fyrir Patreksfjörð hófst árið 2000 og vettvangskönnun fór fram þá um haustið. Niðurstöður hættumatsins voru kynntar á opnum borgarafundi 26. ágúst 2003. Engar athugasemdir bárust.

Vinna við hættumat fyrir Bíldudal hófst árið 2000 og vettvangskönnun fór fram þá um haustið. Niðurstöður hættumatsins voru kynntar á opnum borgarafundi 14. október 2003. Engar athugasemdir bárust.

## 4.6. Snæfellsbær

Vinna við hættumat fyrir Ólafsvík hófst árið 2000. Vettvangskönnun fór fram árin 2000 og 2003. Niðurstöður hættumatsins voru kynntar á opnum borgarafundi 27. apríl 2004. Engar athugasemdir bárust.

Upptakastoðvirki í Ólafsvík



## 4.7. Ísafjörður

Vinna við hættumat fyrir Flateyri hófst árið 2003 og vettvangskönnun fór fram þá um haustið. Matið byggðist að hluta á hættumatsvinnu sem fram hafði farið í kjölfar mannskaðaflóðsins á byggðina 26. október 1995. Niðurstöður hættumatsins voru kynntar á opnum borgarafundi 11. maí 2004. Ein athugasemd barst. Megininntak hennar sneri að snjóflóðavarnargörðum sem reistir hafa verið á Flateyri og hvernig hætta er metin neðan þeirra. Einnig voru gerðar almennar athugasemdir við hættumatið og forsendur þess. Fjallað var um athugasemdirnar í hættumatsnefnd og leitað skýringa Veðurstofu Íslands en ekki þótti tilefni til að endurskoða hættumatið vegna þeirra.




Hættumatskort af Ísafirði, sem sýnir m.a. endurskoðað hættumat fyrir Seljalandshverfi og  Tunguskeið eftir byggingu varnargarðs á Seljalandsmúla og hættumat fyrir Tungudal, Dagverðardal og Innri-Kirkjubólshlíð.

Hættumat fyrir byggðina við Skutulsfjörð var unnið á árunum 1998 til 2002 og kynnt á borgarafundi 19. júní 2002. Fjórar athugasemdir bárust og var fjallað um þær í hættumatsnefnd sem og í greinargerð frá Veðurstofu Íslands. Hættumatsnefnd taldi að athugasemdirnar gæfu ekki tilefni til að endurskoða hættumatið. Eftir byggingu varnargarðs á Seljalandsmúla 2004 var hættumatið á svæðinu undir garðinum endurskoðað og útvíkkað til frístundahúsasvæðisins í Tungudal og nokkurra annarra svæða í útjaðri byggðarinnar. Niðurstöður endurskoðaða hættumatsins voru kynntar á opnum borgarafundi 12. október 2007. Ein ábending barst varðandi lögun hættulínu neðan varnargarðs á Seljalandsmúla og var hættulínum breytt lítillega þar sem þær liggja í sjó neðan varnargarðsins. Hættumatskortið fyrir Ísafjörð er sýnt á meðfylgjandi mynd.

Vinna við hættumat fyrir Þingeyri og Suðureyri hófst árið 2003 og vettvangskönnun fór fram þá um sumarið. Niðurstöður hættumatsins voru kynntar á opnum borgarafundum 9. mars 2005. Engar athugasemdir bárust.

## 4.8. Fjallabyggð

Vinna við hættumat fyrir Ólafsfjörð hófst árið 2001 og vettvangskönnun fór fram á árunum 2001 til 2003. Niðurstöður hættumatsins voru kynntar á opnum borgarafundi 25. október 2004. Engar athugasemdir bárust.

Hættumat fyrir Siglufjörð var unnið á árunum 1998 til 2001 og kynnt á borgarafundi á árinu 2001. Í hættumatinu er tekið tillit til varnargarða neðan Strengsgilja og Jörundarskálar sem reistir voru 1998 og 1999. Hættumatið fyrir Siglufjörð er í endurskoðun í kjölfar byggingar varnargarða og stoðvirkja ofan byggðarinnar norðan Strengsgilja en varnargarðarnir voru vígðir sumarið 2009.

## 4.9. Súðavík

Vinna við hættumat fyrir Súðavík hófst árið 2003 og vettvangskönnun fór fram þá um haustið. Matið byggðist að hluta á hættumatsvinnu sem fram hafði farið í kjölfar mannskaðaflóðsins á byggðina 16. janúar 1995. Niðurstöður hættumatsins voru kynntar á opnum borgarafundi 24. október 2005. Engar athugasemdir bárust.

## 4.10. Tálknafjörður

Vinna við hættumat fyrir Tálknafjörð hófst 2005 og vettvangskönnun fór fram á tímabilinu 2005 til 2007. Niðurstöður hættumatsins voru kynntar á opnum borgarafundi 5. desember 2007. Engar athugasemdir bárust.

# 5. Ársreikningar Ofanflóðasjóðs

## 5.1. Ársreikningur Ofanflóðasjóðs

fyrir árið 2002

| Rekstrarreikningur ársins 2002 | Skýr. | 2002 | 2001 |
|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | | | |
| Forvarnargjald | 1 | 714.800.903 | 708.322.904 |
| Rekstrartekjur samtals | | 714.800.903 | 708.322.904 |
| Rekstrargjöld | | | |
| Almenn rekstrargjöld | 2 | 8.668.986 | 6.898.129 |
| Sérstök verkefni | 3 | 4.253.492 | 11.400.424 |
| Hættumat | 4 | 5.636.959 | 4.136.775 |
| Tilfærslur til sveitarfélaga | 5 | 261.099.326 | 310.457.883 |
| Tilfærslur til Veðurstofu Íslands | | 71.300.000 | 55.000.000 |
| Rekstrargjöld samtals | | 350.958.763 | 387.893.211 |
| Tekjuafgangur fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | | 363.842.140 | 320.429.693 |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | 6 | 101.570.527 | 55.150.506 |
| Tekjuafgangur ársins | | 465.412.667 | 375.580.199 |

# Efnahagsreikningur

## 31. desember 2002

| | Skýr. | 2002 | 2001 |
|---|---|---|---|
| Eignir | | | |
| Langtímakröfur | | | |
| Langtímakröfur | 7 | 275.749.565 | 232.862.597 |
| Langtímakröfur samtals | | 275.749.565 | 232.862.597 |
| Veltufjármunir | | | |
| Ríkissjóður | 11 | 118.792.971 | 0 |
| Skammtímakröfur | 8 | 225.190.333 | 182.987.329 |
| Handbært fé | 9 | 1.205.591.568 | 958.113.651 |
| Veltufjármunir samtals | | 1.549.574.872 | 1.141.100.980 |
| Eignir alls | | 1.825.324.437 | 1.373.963.577 |
| Skuldir og eigið fé | | | |
| Eigið fé | | | |
| Eigið fé | 12 | 1.805.579.357 | 1.343.357.586 |
| Eigið fé samtals | | 1.805.579.357 | 1.343.357.586 |
| Skammtímaskuldir | | | |
| Skammtímaskuldir | 10 | 19.745.080 | 30.605.991 |
| Skuldir samtals | | 19.745.080 | 30.605.991 |
| **Skuldir og eigið fé alls** | | **1.825.324.437** | **1.373.963.577** |

# Sjóðstreymi

## árið 2002

| | 2002 | 2001 |
|---|---|---|
| Handbært fé frá rekstri | | |
| Tekjuafgangur ársins | 465.412.667 | 375.580.199 |
| Endurmat lána | 0 | 0 |
| Veltufé frá rekstri | 465.412.667 | 375.580.199 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum | | |
| Skammtímakröfur lækkun/ (hækkun) | (160.995.975) | (33.868.792) |
| Viðskiptaskuldir (lækkun) /hækkun | (10.860.911) | (380.043.180) |
| Breyting samtals | (171.856.886) | (413.911.972) |
| Handbært fé frá rekstri | 293.555.781 | (38.331.773) |
| Fjárfestingahreyfingar | | |
| Veitt löng lán | (46.077.864) | (37.000.000) |
| Afborganir veittra lána | 0 | 0 |
| Fjárfestingahreyfingar samtals | (46.077.864) | (37.000.000) |
| Hækkun á handbæru fé | 247.477.917 | (75.331.773) |
| Handbært fé í ársbyrjun | 958.113.651 | 1.033.445.424 |
| **Handbært fé í árslok** | **1.205.591.568** | **958.113.651** |

# 5.2. Ársreikningur Ofanflóðasjóðs fyrir árið 2003

| Rekstrarreikningur ársins 2003 | Skýr. | 2003 | 2002 |
|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | | | |
| Forvarnargjald | 1 | 818.168.230 | 714.800.903 |
| Rekstrartekjur samtals | | 818.168.230 | 714.800.903 |
| Rekstrargjöld | | | |
| Almenn rekstrargjöld | 2 | 12.261.592 | 8.668.986 |
| Sérstök verkefni | 3 | 8.311.662 | 4.253.492 |
| Hættumat | 4 | 10.642.730 | 5.636.959 |
| Tilfærslur til sveitarfélaga | 5 | 617.015.137 | 261.099.326 |
| Tilfærslur til Veðurstofu Íslands | | 60.939.395 | 71.300.000 |
| Rekstrargjöld samtals | | 709.170.516 | 350.958.763 |
| Tekjuafgangur fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | | 108.997.714 | 363.842.140 |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | 6 | 60.181.669 | 101.570.527 |
| **Tekjuafgangur ársins** | | **169.179.383** | **465.412.667** |

# Efnahagsreikningur

## 31. desember 2003

| | Skýr. | 2003 | 2002 |
|---|---|---|---|
| Eignir | | | |
| | | | |
| Langtímakröfur | | | |
| Langtímakröfur | 7 | 291.760.479 | 275.749.565 |
| Langtímakröfur samtals | | 291.760.479 | 275.749.565 |
| | | | |
| Veltufjármunir | | | |
| | | | |
| Ríkissjóður | 11 | 97.416.609 | 118.792.971 |
| Skammtímakröfur | 8 | 293.482.013 | 225.190.333 |
| Handbært fé | 9 | 1.352.125.616 | 1.205.591.568 |
| Veltufjármunir samtals | | 1.743.024.238 | 1.549.574.872 |
| | | | |
| Eignir alls | | 2.034.784.717 | 1.825.324.437 |
| | | | |
| Skuldir og eigið fé | | | |
| | | | |
| Eigið fé | | | |
| Eigið fé | 12 | 1.974.758.740 | 1.805.579.357 |
| Eigið fé samtals | | 1.974.758.740 | 1.805.579.357 |
| | | | |
| Skammtímaskuldir | | | |
| | | | |
| Skammtímaskuldir | 10 | 60.025.977 | 19.745.080 |
| Skuldir samtals | | 60.025.977 | 19.745.080 |
| | | | |
| **Skuldir og eigið fé alls** | | **2.034.784.717** | **1.825.324.437** |

# Sjóðstreymi

## árið 2003

| | 2003 | 2002 |
|---|---|---|
| Handbært fé frá rekstri | | |
| Tekjuafgangur ársins | 169.179.383 | 465.412.667 |
| Endurmat lána | (8.153.645) | 0 |
| Veltufé frá rekstri | 161.025.645 | 465.412.667 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum | | |
| Skammtímakröfur lækkun/ (hækkun) | (46.915.318) | (160.995.975) |
| Viðskiptaskuldir (lækkun) /hækkun | 40.280.897 | (10.860.911) |
| Breyting samtals | (6.634.421) | (171.856.886) |
| Handbært fé frá rekstri | 154.391.224 | 293.555.781 |
| Fjárfestingahreyfingar | | |
| Veitt löng lán | (8.419.494) | (46.077.864) |
| Afborganir veittra lána | 562.318 | 0 |
| Fjárfestingahreyfingar samtals | (7.857.176) | (46.077.864) |
| Hækkun á handbæru fé | 146.534.048 | 247.477.917 |
| Handbært fé í ársbyrjun | 1.205.591.568 | 958.113.651 |
| **Handbært fé í árslok** | **1.352.125.616** | **1.205.591.568** |

# 5.3. Ársreikningur Ofanflóðasjóðs fyrir árið 2004

| Rekstrarreikningur ársins 2004 | Skýr. | 2004 | 2003 |
|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | | | |
| Forvarnargjald | 1 | 797.985.543 | 818.168.230 |
| Rekstrartekjur samtals | | 797.985.543 | 818.168.230 |
| Rekstrargjöld | | | |
| Almenn rekstrargjöld | 2 | 10.669.414 | 12.261.592 |
| Sérstök verkefni | 3 | 3.814.134 | 8.311.662 |
| Hættumat | 4 | 4.026.185 | 10.642.730 |
| Tilfærslur til sveitarfélaga | 5 | 579.482.260 | 617.015.137 |
| Tilfærslur til Veðurstofu Íslands | | 43.000.000 | 60.939.395 |
| Rekstrargjöld samtals | | 640.991.993 | 709.170.516 |
| Tekjuafgangur fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | | 156.993.550 | 108.997.714 |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | 6 | 88.647.316 | 60.181.669 |
| **Tekjuafgangur árs ins** | | **245.640.866** | **169.179.383** |

# Efnahagsreikningur

## 31. desember 2004

| | Skýr. | 2004 | 2003 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Langtímakröfur** | | | |
| Langtímakröfur | 7 | 341.520.950 | 291.760.479 |
| Langtímakröfur samtals | | 341.520.950 | 291.760.479 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Ríkissjóður | 11 | 39.119.805 | 97.416.609 |
| Skammtímakröfur | 8 | 307.884.667 | 293.482.013 |
| Handbært fé | 9 | 1.566.440.460 | |
| | | | 1.352.125.616 |
| Veltufjármunir samtals | | 1.913.444.932 | 1.743.024.238 |
| Eignir alls | | 2.254.965.882 | 2.034.784.717 |
| **Skuldir og eigið fé** | | | |
| **Eigið fé** | | | |
| Eigið fé | 12 | 2.220.399.606 | 1.974.758.740 |
| Eigið fé samtals | | 2.220.399.606 | 1.974.758.740 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Skammtímaskuldir | 10 | 34.566.276 | 60.025.977 |
| Skuldir samtals | | 34.566.276 | 60.025.977 |
| **Skuldir og eigið fé alls** | | **2.254.965.882** | **2.034.784.717** |

# Sjóðstreymi

## árið 2004

| | 2004 | 2003 |
|---|---|---|
| **Handbært fé frá rekstri** | | |
| Tekjuafgangur ársins | 245.640.866 | 169.179.383 |
| Endurmat lána | (12.234.708) | (8.153.738) |
| Veltufé frá rekstri | 233.406.158 | 161.025.645 |
| **Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum** | | |
| Skammtímakröfur lækkun/ (hækkun) | 43.894.150 | (46.915.318) |
| Viðskiptaskuldir (lækkun) /hækkun | (25.459.701) | 40.280.897 |
| Breyting samtals | 18.434.449 | (6.634.421) |
| Handbært fé frá rekstri | 251.840.607 | 154.391.224 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | |
| Veitt löng lán | (38.300.000) | (8.419.494) |
| Afborganir veittra lána | 774.237 | 562.318 |
| Fjárfestingahreyfingar samtals | (37.525.763) | (7.857.176) |
| Hækkun á handbæru fé | 214.314.844 | 146.534.048 |
| Handbært fé í ársbyrjun | 1.352.125.616 | 1.205.591.568 |
| **Handbært fé í árslok** | **1.566.440.460** | **1.352.125.616** |

# 5.4. Ársreikningur Ofanflóðasjóðs fyrir árið 2005

| Rekstrarreikningur ársins 2005 | Skýr. | 2005 | 2004 |
|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | | | |
| Forvarnargjald o.fl. | 1 | 816.365.808 | 797.985.543 |
| Rekstrartekjur samtals | | 816.365.808 | 797.985.543 |
| Rekstrargjöld | | | |
| Almenn rekstrargjöld | 2 | 13.601.012 | 10.669.414 |
| Sérstök verkefni | 3 | 4.988.932 | 3.814.134 |
| Hættumat | 4 | 1.041.392 | 4.026.185 |
| Tilfærslur til sveitarfélaga | 5 | 350.988.672 | 579.482.260 |
| Tilfærslur til Veðurstofu Íslands | 6 | 61.095.197 | 43.000.000 |
| Rekstrargjöld samtals | | 431.715.205 | 640.991.993 |
| Tekjuafgangur fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | | 384.641.603 | 156.993.550 |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | 7 | 152.960.566 | 88.647.316 |
| **Tekjuafgangur ársins** | | **537.602.169** | **245.640.866** |

# Efnahagsreikningur

## 31. desember 2005

| | Skýr. | 2005 | 2004 |
|---|---|---|---|
| Eignir | | | |
| Langtímakröfur | | | |
| Langtímakröfur | 8 | 462.621.011 | 341.520.950 |
| Langtímakröfur samtals | | 462.621.011 | 341.520.950 |
| Veltufjármunir | | | |
| Ríkissjóður | 9 | 0 | 39.119.805 |
| Viðskiptakröfur | | 235.239.275 | 307.884.667 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 5.881.315 | 0 |
| Handbært fé | | 2.434.280.979 | 1.566.440.460 |
| Veltufjármunir samtals | | 2.675.401.569 | 1.913.444.932 |
| Eignir alls | | 3.138.022.580 | 2.254.965.882 |
| Skuldir og eigið fé | | | |
| Eigið fé | | | |
| Höfuðstóll í ársbyrjun | | 2.220.399.606 | 1.974.758.740 |
| Tekjuafgangur ársins | | 537.602.169 | 245.640.866 |
| Eigið fé samtals | 10 | 2.758.001.775 | 2.220.399.606 |
| Skuldir | | | |
| Skammtímaskuldir | | | |
| Ríkissjóður | 9 | 346.764.168 | 0 |
| Viðskiptaskuldir | | 33.256.637 | 34.566.276 |
| Skuldir samtals | | 380.020.805 | 34.566.276 |
| **Skuldir og eigið fé alls** | | **3.138.022.580** | **2.254.965.882** |

# Sjóðstreymi

## árið 2005

| | 2005 | 2004 |
|---|---|---|
| Handbært fé frá rekstri | | |
| Tekjuafgangur ársins | 537.602.169 | 245.640.866 |
| Endurmat lána | (17.099.614) | (12.234.708) |
| Veltufé frá rekstri | 520.502.555 | 233.406.158 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum | | |
| Skammtímakröfur lækkun/ (hækkun) | 66.764.077 | (14.402.654) |
| Viðskiptaskuldir (lækkun) /hækkun | (1.309.639) | (25.459.701) |
| Ríkissjóður | 385.883.973 | 58.296.804 |
| Breyting samtals | 451.338.411 | 18.434.449 |
| Handbært fé frá rekstri | 971.840.966 | 251.840.607 |
| Fjárfestingahreyfingar | | |
| Veitt löng lán | (104.650.000) | (38.300.000) |
| Afborganir veittra lána | 649.553 | 774.237 |
| Fjárfestingahreyfingar samtals | (104.000.447) | (37.525.763) |
| Hækkun á handbæru fé | 867.840.519 | 214.314.844 |
| Handbært fé í ársbyrjun | 1.566.440.460 | 1.352.125.616 |
| **Handbært fé í árslok** | **2.434.280.979** | **1.566.440.460** |

# 5.5.Ársreikningur Ofanflóðasjóðs fyrir árið 2006

| Rekstrarreikningur ársins 2006 | Skýr. | 2006 | 2005 |
|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | | | |
| Forvarnargjald o.fl. | 1 | 1.011.271.156 | 816.365.808 |
| Rekstrartekjur samtals | | 1.011.271.156 | 816.365.808 |
| Rekstrargjöld | | | |
| Almenn rekstrargjöld | 2 | 9.933.309 | 13.417.371 |
| Sérstök verkefni | 3 | 16.272.394 | 5.172.573 |
| Tilfærslur til sveitarfélaga | 4 | 198.466.121 | 350.988.672 |
| Tilfærslur til annarra | 5 | 89.246.210 | 61.095.197 |
| Rekstrargjöld samtals | | 313.918.034 | 431.715.205 |
| Tekjuafgangur fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | | 697.353.122 | 384.641.603 |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | 6 | 276.242.720 | 152.960.566 |
| Tekjuafgangur ársins | | 973.595.842 | 537.602.169 |

# Efnahagsreikningur

31. desember 2006

| | Skýr. | 2006 | 2005 |
|---|---|---|---|
| Eignir | | | |
| Langtímakröfur | | | |
| | | | |
| Langtímakröfur | 7 | 515.019.884 | 462.621.011 |
| Langtímakröfur samtals | | 515.019.884 | 462.621.011 |
| | | | |
| Veltufjármunir | | | |
| | | | |
| Ríkissjóður | 8 | 252.323.078 | 0 |
| Viðskiptakröfur | | 258.304.857 | 232.239.275 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 0 | 5.881.315 |
| Handbært fé | | 2.712.506.100 | 2.434.280.979 |
| Veltufjármunir samtals | | 3.223.134.035 | 2.672.401.569 |
| | | | |
| Eignir alls | | 3.738.153.919 | 3.135.022.580 |
| Skuldir og eigið fé | | | |
| Eigið fé | | | |
| | | | |
| Höfuðstóll í ársbyrjun | | 250.734.614 | 94.198.639 |
| Flutt á annað eigið fé | | (713.091.415) | (381.057.194) |
| Tekjuafgangur ársins | | 973.595.842 | 537.602.169 |
| Höfuðstóll | 9 | 511.248.041 | 250.743.614 |
| Bundið eigið fé | | 3.217.349.576 | 2.504.258.161 |
| Annað eigið fé | 10 | 3.217.349.576 | 2.504.258.161 |
| | | | |
| Eigið fé samtals | 10 | 3.728.597.617 | 2.755.001.775 |

# Efnahagsreikningur

31. desember 2006

| | 2006 | 2005 |
|---|---|---|
| Skuldir | | |
| Skammtímaskuldir | | |
| Ríkissjóður | 0 | 334.464.168 |
| Viðskiptaskuldir | 9.556.302 | 45.556.637 |
| Skuldir samtals | 9.556.302 | 380.020.805 |
| Skuldir og eigið fé alls | 3.738.153.919 | 3.135.022.580 |

# Sjóðstreymi

## árið 2006

| | 2006 | 2005 |
|---|---|---|
| **Handbært fé frá rekstri** | | |
| Tekjuafgangur ársins | 973.595.842 | 537.602.169 |
| Endurmat lána | (32.479.741) | (17.099.614) |
| Veltufé frá rekstri | 941.116.101 | 520.502.555 |
| **Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum** | | |
| Skammtímakröfur lækkun/ (hækkun) | (20.184.267) | 66.764.077 |
| Viðskiptaskuldir (lækkun) /hækkun | (36.000.335) | (1.309.639) |
| Ríkissjóður | (586.787.246) | 385.883.973 |
| Breyting samtals | (642.971.848) | 451.338.411 |
| Handbært fé frá rekstri | 298.144.253 | 971.840.966 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | |
| Veitt löng lán | (20.000.000) | (104.650.000) |
| Afborganir veittra lána | 80.868 | 649.553 |
| Fjárfestingahreyfingar samtals | (19.919.132) | (104.000.447) |
| Hækkun á handbæru fé | 278.225.121 | 867.840.519 |
| Handbært fé í ársbyrjun | 2.434.280.979 | 1.566.440.460 |
| **Handbært fé í árslok** | **2.712.506.100** | **2.434.280.979** |

# 5.6. Ársreikningur Ofanflóðasjóðs

fyrir árið 2007

| Rekstrarreikningur ársins 2007 | Skýr. | 2007 | 2006 |
|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | | | |
| Forvarnargjald | 1 | 1.112.726.577 | 978.791.415 |
| Rekstrartekjur samtals | | 1.112.726.577 | 978.791.415 |
| Rekstrargjöld | | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 2 | 9.882.475 | 9.933.309 |
| Aðkeypt sérfræðiþjónusta | 3 | 11.624.226 | 16.272.394 |
| Tilfærslur til sveitarfélaga | 4 | 434.935.307 | 198.466.121 |
| Tilfærslur til annarra | 5 | 49.485.539 | 89.246.210 |
| Rekstrargjöld samtals | | 505.927.547 | 313.918.034 |
| Tekjuafgangur fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | | 606.799.030 | 664.873.381 |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | 6 | 434.054.612 | 308.722.461 |
| **Tekjuafgangur ársins** | | **1.040.853.642** | **973.595.842** |

# Efnahagsreikningur

31. desember 2007

| | Skýr. | 2007 | 2006 |
|---|---|---|---|
| Eignir | | | |
| | | | |
| Langtímakröfur | | | |
| Langtímakröfur | 7 | 556.456.097 | 515.019.884 |
| Langtímakröfur samtals | | 556.456.097 | 515.019.884 |
| Veltufjármunir | | | |
| Ríkissjóður | 8 | 541.600.365 | 252.323.078 |
| Viðskiptakröfur | | 282.519.466 | 242.805.569 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 17.989.028 | 15.499.288 |
| Handbært fé | | 3.395.518.780 | 2.712.506.100 |
| Veltufjármunir samtals | | 4.237.627.639 | 3.223.134.035 |
| | | | |
| Eignir alls | | 4.794.083.736 | 3.738.153.919 |
| Skuldir og eigið fé | | | |
| | | | |
| Eigið fé | | | |
| Höfuðstóll í ársbyrjun | | 511.248 | 250.734.614 |
| Flutt á annað eigið fé | | (860.326.577) | (713.091.415) |
| Tekjuafgangur ársins | | 1.040.853.642 | 973.595.842 |
| Höfuðstóll | 9 | 691.775.106 | 511.248.041 |
| | | | |
| Bundið eigið fé | | 4.077.676.153 | 3.217.349.576 |
| Annað eigið fé | 9 | 4.077.676.153 | 3.217.349.576 |
| | | | |
| **Eigið fé samtals** | | **4.769.451.259** | **3.728.597.617** |

# Efnahagsreikningur

## 31. desember 2007

| | 2007 | 2006 |
|---|---|---|
| Skuldir | | |
| Skammtímaskuldir | | |
| Viðskiptaskuldir | 24.632.477 | 9.556.302 |
| Skuldir samtals | 24.632.477 | 9.556.302 |
| **Skuldir og eigið fé alls** | **4.794.083.736** | **3.738.153.919** |

# Sjóðstreymi

## árið 2007

| | 2007 | 2006 |
|---|---|---|
| **Handbært fé frá rekstri** | | |
| Tekjuafgangur ársins | 1.040.853.642 | 973.595.842 |
| Endurmat lána | (30.524.232) | (32.479.741) |
| Veltufé frá rekstri | 1.010.329.410 | 941.116.101 |
| **Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum** | | |
| Skammtímakröfur lækkun/ (hækkun) | (42.203.637) | (20.184.267) |
| Viðskiptaskuldir (lækkun) /hækkun | 15.076.175 | (36.000.335) |
| Ríkissjóður lækkun /(hækkun) | (289.277.287) | (586.787.246) |
| Breyting samtals | (316.404.749) | (642.971.848) |
| Handbært fé frá rekstri | 693.924.661 | 298.144.253 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | |
| Veitt löng lán | (11.200.000) | (20.000.000) |
| Afborganir veittra lána | 288.019 | 80.868 |
| Fjárfestingahreyfingar samtals | (10.911.981) | (19.919.132) |
| Hækkun á handbæru fé | 683.012.680 | 278.225.121 |
| Handbært fé í ársbyrjun | 2.712,506.100 | 2.434.280.979 |
| **Handbært fé í árslok** | **3.395.518.780** | **2.712.506.100** |

# 5.7. Ársreikningur Ofanflóðasjóðs fyrir árið 2008

| Rekstrarreikningur ársins 2008 | Skýr. | 2008 | 2007 |
|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | | | |
| Forvarnargjald | 1 | 1.261.015.556 | 1.112.726.577 |
| Aðrar tekjur | | 243.500 | 0 |
| Rekstrartekjur samtals | | 1.261.259.056 | 1.112.726.577 |
| Rekstrargjöld | | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 2 | 9.902.730 | 9.882.475 |
| Aðkeypt sérfræðiþjónusta | 3 | 1.585.848 | 11.624.226 |
| Tilfærslur til sveitarfélaga | 4 | 698.547.778 | 434.935.307 |
| Tilfærslur til annarra | 5 | 111.407.350 | 49.485.539 |
| Rekstrargjöld samtals | | 821.443.706 | 505.927.547 |
| Eignakaup | | 233.833 | 0 |
| | | 821.677.539 | 505.927.547 |
| Tekjuafgangur fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | | 439.581.517 | 606.799.030 |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | 6 | 676.432.632 | 434.054.612 |
| **Tekjuafgangur ársins** | | **1.116.014.149** | **1.040.853.642** |

# Efnahagsreikningur

## 31. desember 2008

| | Skýr. | 2008 | 2007 |
|---|---|---|---|
| Eignir | | | |
| | | | |
| Áhættufjármunir | | | |
| Langtímakröfur | 7 | 632.692.042 | 556.456.097 |
| Langtímakröfur samtals | | 632.692.042 | 556.456.097 |
| Veltufjármunir | | | |
| Ríkissjóður | 8 | 1.013.338.346 | 541.600.365 |
| Viðskiptakröfur | | 344.251.185 | 282.519.466 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 75.484.217 | 17.989.028 |
| Handbært fé | | 3.894.802.617 | 3.395.518.780 |
| Veltufjármunir samtals | | 5.327.876.365 | 4.237.627.639 |
| | | | |
| Eignir alls | | 5.960.568.407 | 4.794.083.736 |
| | | | |
| Skuldir og eigið fé | | | |
| Eigið fé | | | |
| | | | |
| Höfuðstóll í ársbyrjun | | 691.775.106 | 511.248.041 |
| Flutt á annað eigið fé | | (1.107.115.556) | (860.326.577) |
| Tekjuafgangur ársins | | 1.116.014.149 | 1.040.853.642 |
| Höfuðstóll | 9 | 700.673.699 | 691.775.106 |
| | | | |
| Bundið eigið fé | | 5.184.791.709 | 4.077.676.153 |
| Annað eigið fé | | 5.184.791.709 | 4.077.676.153 |
| | | | |
| **Eigið fé samtals** | | **5.885.465.408** | **4.769.451.259** |

# Efnahagsreikningur 31. desember

2008

| | Skýr. | 2008 | 2007 |
|---|---|---|---|
| Skuldir | | | |
| Skammtímaskuldir | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 75.102.999 | 24.632.477 |
| Skuldir samtals | | 75.102.999 | 24.632.477 |
| **Skuldir og eigið fé alls** | | **5.960.568.407** | **4.794.083.736** |

# Sjóðstreymi

árið 2008

| | 2008 | 2007 |
|---|---|---|
| Handbært fé frá rekstri | | |
| | | |
| Tekjuafgangur ársins | 1.116.014.149 | 1.040.853.642 |
| Endurmat lána | (27.855.717) | (30.524.232) |
| Veltufé frá rekstri | 1.088.158.432 | 1,101.329.410 |
| | | |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum | | |
| | | |
| Ríkissjóður | (471.737.981) | (289.277.287) |
| Skammtímakröfur lækkun/ (hækkun) | (119.226.908) | (42.203.637) |
| Viðskiptaskuldir (lækkun) /hækkun | 50.470.522 | 15.076.175 |
| Breyting samtals | (540.494.367) | (316.404.749) |
| Handbært fé frá rekstri | 547.664.065 | 693.924.661 |
| | | |
| Fjárfestingahreyfingar | | |
| | | |
| Veitt löng lán | (48.700.000) | (11.200.000) |
| Afborganir veittra lána | 319.772 | 288.019 |
| Fjárfestingahreyfingar samtals | (48.380.228) | (10.911.981) |
| Hækkun á handbæru fé | 499.283.837 | 683.012.680 |
| Handbært fé í ársbyrjun | 3.395.518.780 | 2.712,506.100 |
| | | |
| Handbært fé í árslok | 3.894.802.617 | 3.395.518.780 |

# 6. Lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum

1997 nr. 49 23. maí

Tóku gildi 29. maí 1997. Breytt með l. 71/2000 (tóku gildi 2. júní 2000), l. 44/2003 (tóku gildi 3. apríl 2003), l. 167/2007 (tóku gildi 1. jan. 2008), l. 41/2008 (tóku gildi 5. júní 2008 nema 2. gr. sem tók gildi 1. jan. 2009), l. 82/2008 (tóku gildi 1. júní 2008, birt í Stjtíð. 19. júní 2008) og l. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008).

1. gr. Vinna skal að vörnum gegn tjóni og slysum af völdum snjóflóða og skriðufalla svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

Samheitið ofanflóð er hér eftir notað um snjóflóð og skriðuföll.

2. gr. Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn þeirra málefna sem lög þessi taka til, nema þau séu sérstaklega falin öðrum ráðherrum.

3. gr. Veðurstofa Íslands aflar gagna um snjóflóð og snjóflóðahættu og vinnur úr þeim. Hún annast mælingar á snjóalögum og rannsóknir á þeim með sérstöku tilliti til snjóflóðahættu og gefur út viðvörun um hana, sbr. 6. gr.[1]

Náttúrufræðistofnun Íslands aflar gagna um skriðuföll og hættu af þeirra völdum í samstarfi við Veðurstofuna.

Veðurstofan skal ráða sérstaka eftirlitsmenn til að kanna og fylgjast með landfræðilegum og veðurfarslegum aðstæðum með tilliti til hættu af ofanflóðum í þeim sveitarfélögum þar sem þörf er á slíkum athugunum samkvæmt ákvörðun ráðherra.

Veðurstofan skal hafa samráð við hlutaðeigandi sveitarstjórn um ráðningu eftirlitsmanns. Skal sveitarstjórn leggja honum til nauðsynlega vinnuaðstöðu og almennan búnað, svo og sjá um rekstur á tækjum og búnaði, endurgjaldslaust. Ráðherra getur sett nánari reglur[2] um þessar skyldur sveitarstjórnar.

Laun eftirlitsmanna skulu greidd úr ríkissjóði.

[1] Rg. 376/1995. Rg. 533/1995. [2] Rg. 8/1998.

4. gr. [Sveitarstjórnir í sveitarfélögum þar sem ofanflóð hafa fallið á byggð eða nærri henni eða hætta er talin á slíku skulu láta meta hættu á ofanflóðum.][1] [Skal það hættumat ná til þéttbýlis.][2] Jafnframt fari slíkt mat fram á skipulögðum skíðasvæðum. Hættumat skal fela í sér mat á þeirri hættu sem lífi fólks er búin vegna ofanflóða á byggð svæði eða skipulögð byggingarsvæði. Við matið skal tekið tillit til varnarvirkja sem reist hafa verið.

[Beiðni sveitarstjórnar um gerð hættumats skal berast umhverfisráðherra og skipar hann fjögurra manna nefnd sem stýrir gerð hættumats í viðkomandi sveitarfélagi, hættumatsnefnd. Skulu tveir fulltrúar skipaðir samkvæmt tilnefningu frá sveitarstjórn, en ráðherra skipar tvo fulltrúa án tilnefningar í nefndina og skal annar þeirra vera formaður og hafa oddaatkvæði falli atkvæði jöfn. Hættumatsnefnd ákveður í samráði við sveitarstjórn til hvaða svæða hættumat skuli ná. Hættumatsnefnd kynnir tillögur að endanlegu hættumati í samráði við sveitarstjórn þegar þær berast frá Veðurstofu Íslands og gengur frá hættumati til staðfestingar ráðherra. Ráðherra setur reglur um skipan og starf hættumatsnefndar[1]

[Veðurstofa Íslands annast gerð hættumats á grundvelli sérfræðilegrar þekkingar á eðli og afleiðingum ofanflóða að beiðni hættumatsnefndar og skal gerður um það samningur.][1]

[Ráðherra getur ákveðið að gerð verði úttekt á hættu á ofanflóðum í dreifbýli þar sem ofanflóð hafa fallið á byggð eða nærri henni eða hætta er talin á slíku. Með byggð í þessari málsgrein er ekki átt við frístundabyggð. Þó skal heimild ráðherra ná til þyrpinga þegar byggðra frístundabyggða og frístundahúsa þar sem einstaklingar hafa skráð lögheimili. Enn fremur skal heimild ráðherra ná til samkomuhúsa, svo sem skóla, félagsheimila og þess háttar bygginga. Veðurstofa Íslands annast úttektina og skal gerður um það samningur, sbr. 3. mgr.][2]

Hættumat öðlast gildi þegar ráðherra hefur staðfest það. Taka skal fullt tillit til hættumats við alla skipulagsgerð og skal það lagt fram sem fylgiskjal með skipulagstillögu. [Sama á við um úttekt skv. 4. mgr.][2]

Reglur[3] um gerð og notkun hættumats, flokkun hættusvæða og nýtingu þeirra skulu settar af ráðherra.

[1] L. 71/2000, 1. gr. [2] L. 41/2008, 1. gr. [3] Rg. 505/2000, sbr. 495/2007. Rg. 636/2009.

5. gr. [Almannavarnanefndir skulu annast gerð viðbragðsáætlana, svo og sjá um leiðbeiningar og almannafræðslu um hættu af ofanflóðum í samvinnu við ríkislögreglustjóra og Veðurstofu Íslands.][1]

Almannavarnir skulu skipuleggja og annast björgunar- og hjálparstörf vegna hættu eða tjóns sem skapast hefur vegna ofanflóða eftir því sem fyrir er mælt í lögum um almannavarnir og 6. og 7. gr. laga þessara.

[1] L. 82/2008, 35. gr.

6. gr. Þegar Veðurstofa Íslands, að höfðu samráði við lögreglustjóra og almannavarnanefnd, gefur út viðvörun um staðbundna snjóflóðahættu og lýsir yfir hættuástandi skal fólk flytja eða það flutt á brott úr öllu húsnæði á svæði eða svæðum, sem tilgreind skulu í viðvörun Veðurstofunnar, í samræmi við gildandi neyðaráætlun.[1] Svæði þessi skulu afmörkuð á sérstökum uppdráttum sem Veðurstofan skal sjá um að gera á grundvelli sérfræðilegrar þekkingar á eðli og afleiðingum snjóflóða. [Skulu uppdrættirnir staðfestir af umhverfisráðherra og kynntir ríkislögreglustjóra ...[2] og hlutaðeigandi almannavarnanefndum.][3]

Lögreglustjóri og almannavarnanefnd sjá um að rýma húsnæði skv. 1. mgr. og má beita valdi í því skyni ef þörf krefur. Á meðan hættuástand varir er öll umferð bönnuð um það svæði, sem rýmt hefur verið, nema með sérstöku leyfi lögreglustjóra.

Veðurstofan tekur ákvörðun um það hvenær hættuástandi skuli aflétt að höfðu samráði við lögreglustjóra og almannavarnanefnd.

Uppdrættir skv. 1. mgr. skulu endurskoðaðir í ljósi bestu þekkingar á eðli og afleiðingum snjóflóða og breyttra aðstæðna, svo sem vegna þess að reist hafa verið varanleg varnarvirki.

[1] Rg. 533/1995. [2] L. 82/2008, 35. gr. [3] L. 44/2003, 13. gr.

7. gr. Lögreglustjóri getur hvenær sem er, í samráði við almannavarnanefnd, ákveðið að rýma húsnæði vegna hættu á ofanflóðum, þótt hættuástandi hafi ekki verið lýst yfir skv. 6. gr. Að auki er heimilt að fyrirskipa að húsnæði skuli rýmt á stærra svæði eða svæðum en gert er ráð fyrir á uppdráttum Veðurstofu Íslands, þar á meðal á stöðum sem 6. gr. tekur ekki til. Má beita valdi til þess að rýma þannig húsnæði ef þörf krefur.

Þá er lögreglustjóra heimilt í samráði við almannavarnanefnd að banna umferð um tilteknar götur og vegi vegna hættu á ofanflóðum utan svæða sem rýmd hafa verið skv. 6. gr. Í sama skyni er heimilt að banna fólki aðgang að skíðasvæðum og öðrum útivistarsvæðum.

8. gr. Í hvert sinn sem manntjón verður í byggð af völdum ofanflóðs skal skipa sérstaka nefnd til að rannsaka orsakir ofanflóðsins og afleiðingar þess. Enn fremur er heimilt að skipa slíka nefnd í öðrum tilvikum ef manntjón eða verulegt eignatjón hefur hlotist af ofanflóði.

Forsætisráðherra skipar hverju sinni þrjá sérfróða menn í nefndina. Formaður nefndarinnar, sem uppfylla skal starfsgengisskilyrði héraðsdómara, skal skipaður án tilnefningar, en aðrir nefndarmenn samkvæmt tilnefningu dómsmálaráðherra og umhverfisráðherra.

Rannsókn nefndarinnar skal einvörðungu miða að því að draga úr hættu af völdum ofanflóða. Nefndin starfar sjálfstætt og óháð stjórnvöldum og öðrum rannsóknaraðilum. Henni er heimilt að krefjast framlagningar á skjölum og öðrum gögnum er varða ofanflóð og taka skýrslur af hverjum þeim sem ætla má að kunni að geta veitt upplýsingar er að gagni mega koma við rannsóknina.

Forsætisráðherra getur sett nánari reglur um störf nefndarinnar.

[Nú fer fram rannsókn á ætlaðri refsiverðri háttsemi í tengslum við ofanflóð og er slík rannsókn óháð rannsókn samkvæmt þessari grein.][1]

[1] L. 88/2008, 234. gr.

9. gr. Ráðherra skipar þriggja manna nefnd, ofanflóðanefnd, til fjögurra ára í senn til að annast þau verkefni sem greinir í 2. mgr. Formaður nefndarinnar skal skipaður án tilnefningar, en aðrir nefndarmenn samkvæmt tilnefningu [samgönguráðherra][1] og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Verkefni ofanflóðanefndar eru:

1. Að fjalla um og taka afstöðu til tillagna sveitarstjórnar skv. 10. og 11. gr.
2. Að ráðstafa fé úr ofanflóðasjóði skv. 13. gr.

Ákvarðanir ofanflóðanefndar skv. 2. mgr. öðlast fyrst gildi þegar ráðherra hefur staðfest þær. Ráðherra getur sett nánari reglur um störf nefndarinnar.

[1] L. 167/2007, 10. gr.

10. gr. Sveitarstjórn gerir tillögu til ofanflóðanefndar að varnarvirkjum fyrir hættusvæði sem þegar hafa verið byggð samkvæmt aðalskipulagi. Eftir að viðurkennd varnarvirki hafa verið reist er heimilt að meta af bærum aðilum hvort til greina komi að þétta byggð á viðkomandi svæði og þá með hvaða skilyrðum.

Sveitarstjórn skal annast framkvæmdir við varnarvirki í samræmi við ákvörðun ofanflóðanefndar skv. 2. og 3. mgr. 9. gr. Framkvæmdir skulu unnar á grundvelli útboða þar sem því verður við komið.

Sveitarstjórn ber ábyrgð á viðhaldi varnarvirkja.

11. gr. Ef hagkvæmara er talið, til að tryggja öryggi fólks gagnvart ofanflóðum, er sveitarstjórn heimilt að gera tillögu til ofanflóðanefndar um kaup eða flutning á húseignum í stað þess að reisa varnarvirki eða beita öðrum varnaraðgerðum. Auk húseigna getur sveitarstjórn í sama skyni gert tillögu um kaup á lóðum eða öðrum fasteignum.

Sveitarstjórn skal sjá um að kaupa eignir eða flytja þær í samræmi við ákvörðun ofanflóðanefndar skv. 2. og 3. mgr. 9. gr.

Sveitarfélag verður eigandi eigna sem keyptar eru samkvæmt þessari grein, en nýting þeirra er háð samþykki ráðherra.

Náist ekki samkomulag um kaup á húseign er sveitarstjórn heimilt að taka eignina eignarnámi. Um eignarnám fer samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms.

12. gr. Sérstakur sjóður ríkisins, ofanflóðasjóður, er í vörslu umhverfisráðuneytisins.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Árlegt gjald sem lagt er á allar brunatryggðar húseignir og nemur 0,3‰ af vátryggingarverðmæti. Gjaldið skal innheimt ásamt iðgjaldi til Viðlagatryggingar Íslands og fer um innheimtu þess samkvæmt lögum um viðlagatryggingu, þar á meðal skal gjaldið njóta lögtaksréttar og lögveðréttar í vátryggðri eign. Álagning gjalds þessa skal ekki hafa áhrif til hækkunar á innheimtuþóknun til vátryggingafélaga samkvæmt lögum um viðlagatryggingu.

2. Árlegt framlag á fjárlögum í samræmi við framkvæmdaáætlun sem lögð skal fram við gerð fjárlaga hverju sinni.

3. Vaxtatekjur, sbr. 13. gr.

4. Aðrar tekjur.

Lán til starfsemi sjóðsins, sem eru með ábyrgð ríkissjóðs, skulu háð samþykki fjármálaráðherra.

13. gr. Fé ofanflóðasjóðs, sbr. 12. gr., skal notað til að greiða kostnað við rekstur sjóðsins og ofanflóðanefndar, svo og kostnað við varnir gegn ofanflóðum sem hér segir:

1. [Greiða skal allan kostnað við gerð hættumats skv. 4. gr., þ.m.t. kostnað við starfsemi hættumatsnefnda, svo og kostnað við gerð úttektar skv. 4. gr. og við gerð uppdrátta skv. 6. gr.][1]

2. Greiða skal allan kostnað við kaup og uppsetningu á tækjum og búnaði sem sérstaklega er aflað til rannsókna og eftirlits með ofanflóðahættu. Sama gildir um kostnað við rannsóknir sem miða að því að bæta hættumat og hönnun varnarvirkja.

3. Greiða má allt að 90% af kostnaði við undirbúning og framkvæmdir við varnarvirki skv. 1. og 2. mgr. 10. gr.

4. Greiða má allt að 60% af kostnaði við viðhald varnarvirkja skv. 3. mgr. 10. gr.

5. Greiða má allt að 90% af kostnaði við kaup eða eignarnám á húseignum, lóðum eða öðrum fasteignum, svo og af kostnaði við flutning húseigna, skv. 1., 2. og 4. mgr. 11. gr., eftir því sem nánar er fyrir mælt í 14. gr.

Heimilt er að veita sveitarfélagi lán úr ofanflóðasjóði sem nemur kostnaðarhlut þess skv. 3. og 5. tölul. 1. mgr., enda sé því fjárhagslega ofviða að leggja fram sinn kostnaðarhlut. Lán skal veitt

til 15 ára með sambærilegum kjörum og ofanflóðasjóði standa til boða. Þó skal endurgreiðsla af láninu, þar með taldir vextir og verðbætur, aldrei nema hærri fjárhæð á ári hverju en nemur 1% af höfuðstól lánsins, ásamt vöxtum og verðbótum, að viðbættum 0,15‰ af álagningarstofni fasteignaskatts af íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu og 50% af hreinum tekjum sveitarfélags vegna sölu eða leigu á eignum sem það hefur eignast skv. 3. mgr. 11. gr. Það sem eftir kann að standa af láninu að liðnum lánstíma skal falla niður.

[1]L. 41/2008, 2. gr.

14. gr. Ef ákveðið er að ofanflóðasjóður taki þátt í hluta af kostnaði við kaup eða eignarnám á eignum eða flutning á húseignum skv. 5. tölul. 13. gr. skal greiðsla úr sjóðnum miðast að hámarki við staðgreiðslumarkaðsverð sambærilegra húseigna í sveitarfélaginu utan hættusvæða. Við ákvörðun þess skal ekki tekið tillit til hækkunar á markaðsverði sem rekja má til ákvörðunar um kaup á húseignum á hættusvæði.

Heimilt er að miða greiðslu úr sjóðnum við framreiknað kaupverð húseignar sem keypt hefur verið á síðustu árum, ásamt mati á kostnaði núverandi eiganda af endurbótum hennar, ef fyrir liggur að staðsetning húseignar á hættusvæði eða í námunda við það hefur haft áhrif til lækkunar markaðsverðs.

Sjóðurinn greiðir ekki fyrir kaup á húseign sem unnt er að flytja, nema heildarkostnaður við flutning sé hærri en viðmiðunarverð skv. 1. og 2. mgr.

15. gr. Fella skal niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og virðisaukaskatt af efni og tækjum sem flutt eru hingað til lands eða framleidd eru hér á landi til varna gegn ofanflóðum.

16. gr. Umhverfisráðherra setur með reglugerð[1] nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

[1]Rg. 637/1997.

17. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi. …

Ef hættumat hefur verið staðfest fyrir 1. janúar 1996 fellur það sjálfkrafa úr gildi við gildistöku laganna.

## Ákvæði til bráðabirgða.

I. Sveitarstjórn leggur fram tillögu um skipulag nýrrar byggðar og nýbygginga í sveitarfélögum sem búa við snjóflóðahættu. Skipulagstillagan skal unnin í samræmi við reglur sem umhverfisráðherra setur. Ráðherra skal fá tillögur frá Skipulagi ríkisins, Veðurstofu Íslands og Sambandi íslenskra sveitarfélaga og skal liggja fyrir bráðabirgðahættumat. Skal styðjast við þær reglur þar til hættumat hefur verið staðfest fyrir hlutaðeigandi sveitarfélag.

II. …



Varnarvirki á Flateyri



Ofanflóðanefnd
Umhverfisráðuneytið
Skuggasund 1 150 Reykjavík
Sími: 545 8600 fax: 562 4566